

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps nr. 689/1998.

#### 1. gr.

6. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Meðal verkefna sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu skv. VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að annast hlutverk húsnæðisnefndar sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998.
6. Að annast stjórn fjallskila og skipa fjallskilastjóra skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

#### 2. gr.

51. gr. samþykktarinnar A-liður verður svohljóðandi:

1. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og annast nefndin m.a. málefni heimilisþjónustu, framfærslumál, öldrunarmál og áfengisvarnir. Félagsmálanefnd fer jafnframt með hlutverk jafnréttisnefndar sbr. 10. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
2. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara til fjögurra ára skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 sbr. einnig 8. mgr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
3. *Skipulagsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
4. *Skólanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
5. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
6. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
7. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að umhverfismálum og skal í störfum sínum taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma um umhverfismál. Nefndin skal hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á sviði umhverfismála í samræmi við samþykta umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

3. gr.

1. mgr. 58. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitar-sjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

4. gr.

61. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Svalbarðsstrandahrepps hefur sett samkvæmt ákvæð-um 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*